

HEIMILDIR

- *Hring eftir hring* eftir Elfu Lilju Gísladóttur
- Ásthildur Bj. Snorradóttir, Sigurður Sigurjónsson, Margrét Þóra Jónsdóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir: *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna.*
- Vefsetur bókarinnar: www.malorvun.wordpress.com
- Lesvefurinn: www.lesvefurinn.hi.is
- Aðalnámskrá leikskóla 2011
- Handbók Hjallastefnunnar 2014
- Handbók Starfsfólks í leikskólun Hjallastefnunnar 2012
- Námsmarkmið 5 ára barna—Leikskólinn Barnaból



Foreldrahandbók

Málproski og læsi - Færni til framtíðar

Málörvun - Samvinna - Samskipti

Leikskólinn Barnaból



LIST- OG VERKGREINAR

Listir og handverk eru svo sterklega samtvinnuð í daglegu lífi okkar að oft á tíðum erum við ekki meðvituð um tilvist þeirra og áhrif. Að tjá sig myndrænt, í handverki, hreyfingu, leik og tónum er manningnum eðlislægt. Allir hafa hæfileika til að skapa. Í list- og verkgreinum fá börn margvísleg tækifæri og aðstæður til að þroska þann hæfileika, dýpka og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk.

Á Barnabóli fá börn tíð tækifæri að æfa sig að dansa við mismunandi aðstæður og tónlist og tjá sig í gegnum dans. Að setja sig í spor annarra er öflug aðferð að tjá tilfinningar sínar og efla samkennd og virðingu.

Á Barnabóli fá börn tækifæri til að æfa finnhreyfingar, einbeitingu og skipulag í samþættingu við annað skólastarf.



Á Barnabóli er mikil sönghefð og skipar tónlist fastan sess í öllu skólastarfi. Markmið okkar er að öll börn öðlist færni í að tjá sig í gegnum söng, æfist í samvinnu og samheldni í gegnum söngnum söng. Tónlistin hluti af skólastarfinu og eftir því sem þau eldast nái þau að byggja ofan á söng með flóknari söng-textum, tjáningu og sköpun.

Á Barnabóli er lögð mikil áhersla á hreinlæti, borðsiði og hollustu þegar kemur að mat, hvort sem um hádegisverð er að ræða eða þegar börn fá að elda og eða baka sjálf. Við samþættum heimilisfræði einnig mikið við stærðfræði.



SAMFÉLAGSGREINAR

Á Barnaból er haft að markmiði að fræða börn um þjóðtrú Íslendinga, menningu hennar og sögu. Við viljum auka skilning þeirra og þekkingu á ólíkum trúarbrögðum og fræða þau um siðferðileg viðfangsefni og gildi. Mikilvægt er að stuðla að auknum skilningi, gagnkvæmri virðingu og umburðalyndi gagnvart ólíkum trúarbrögðum, menningarsvæðum og lífsviðhorfum.

Allt starf Barnabóls tekur mið af kynjanamskrá Hjallastefnunnar og rauði þráður markmiða aðalnámskrár í lífsleikni speglast í henni. Við byggjum starfið okkar á lotum út frá kynjanámskránni, einstaklings- og félagsþjálfun.

UPPLÝSINGA OG TÆKNIMENNT

Á Barnabóli er lögð áhersla á að gera börn læs á tækni og upplýsingar með notkun tölva og spjaldtölvu, sem er nýtt á fjölbreyttan hátt í skólastarfinu.



Foreldrahandbók Barnabóls

Handbókin er afurð þróunarverkefnis unnu í samstarfi við leikskóla og grunnskóla í Húnavatnssýslum og Strandabyggð

2015-2017

Verkefnið er tileinkað nemendum Barnabóls og foreldrum þeirra, sem í samvinnu við okkur vinna hörðum höndum að því að gera góðan skóla enn betri.

Sérstakar þakkir fá skólastjórnendur þeirra leikskóla sem unnu verkefnið með okkur ásamt Þórdísi Hauksdóttur fræðslustýru og Sprotasjóði

Skólasöngur Hjallastefnunnar

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Ljóð: Auður Teitsdóttir

Í skóla er gaman - krakkar leika

Stelpurnar dansa

Strákar spinna - gleði finna

Hlæja og hlæja í hjarta sér

Og hlæja og hlæja í hjarta sér



Í skóla er gaman - krakkar leika

Strákarnir dansa

Stelpur spinna - gleði finna

Hlæja og hlæja í hjarta sér

Og hlæja og hlæja í hjarta sér


NÁTTÚRUFRÆÐI, EÐLISVÍSINDI OG UMHVERFISMENNT

Barnaból leggur áherslu á útikennslu í náttúrufræði þar sem börn kynnast með fjölbreytilegum hætti nánasta umhverfi með vettvangsferðum og rannsóknarleiðöngnum. Að auka á upplifun barna á sínu nánasta umhverfi og þekkja til ýmissa dýra, það er okkar markmið að dýpka þeirra grunnþekkingu.

ÍÞRÓTTIR, LÍKAMS- OG HEILSURÆKT

Helstu þættir heilbrigðis sem leggja skal áherslu á eru; hreyfing, jákvæð sjálfsmynd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Hreyfipörf barna er mikil og njóta þau hvernar stundar sem gefst tækifæri til að athafna sig á opnum svæðum og rýmum. Barnaból fléttar hreystikennslu inn í almennt starf þar sem hreyfing er einn af þeim þáttum sem skólinn leggur mikla áherslu á til að ná fram sem bestri líðan barnanna.



ERLEND TUNGUMÁL

Á Barnabóli er haft að leiðarljósi að byggja upp jákvætt viðhorf og áhuga á ensku. Við leggjum áherslu á að örva börn til að nota málið á einfaldan hátt í leik og starfi. Við kennum í stuttum lotum í gegnum söng og leik og teljum mikilvægt að nemendur fái möguleika á að hlusta á enska tungu og læri þannig blæbrigði og hljóð tungumálsins.



STÆRÐFRÆÐI

Verkefni stærðfræðinnar er að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns reglu-leika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er þannig ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag.

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkefni í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður.

Barnaból leggur áherslu á hlutbundna vinnu þar sem gengið er út frá því að byggja ofan á fyrri reynslu nemenda. Samvinna og upplifun í gegnum verkefni eru þær leiðir sem notaðar eru til frekari náms og nemendur vinna námsefnið sitt sjálfir undir leiðsögn kennara. Öll kennsla skal miðast út frá forsendum hvers og eins þannig að barnið auki skilning sinn, kunnáttu og færni sem kemur því að notum í daglegu lífi.

EFNISYFIRLIT

Skólasöngur Hjallastefnunnar	4
Meginreglur Hjallastefnunnar	6
Um verkefnið	8
Samstarfið	9
Snemmtæk íhlutun	10
Verkferlar	11
Bernskulæsi	12
Fjölskyldulæsi	13
Hagnýt ráð fyrir foreldra	14
Foreldrasamstarf	16
Samskipti	17
Við burðir og samvinna	18
Kynjanámskrá og lotukerfi	20
Grunnþættir menntunar	21
Læsi - Agi	22
Sjálfbærni - Sjálfstæði	24
Mannréttindi og lýðræði - Samskipti	26
Jafnrétti - Jákvæðni	28
Heilbrigði og velferð - Vinátta	30
Sköpun - Áræðni	32
5 ára starf á Barnabóli	34
Heimildaskrá	40

MEGINREGLUR HJALLASTEFNUNNAR

BÖRN
STARFSFÓLK
UMHVERFI
EFNIVIÐUR
NÁTTÚRA
SAMFÉLAG

ÁHERSLUR 5 ÁRA STARFS

Kennari 5 ára starfs er Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir og hefur hún sinnt því mikilvæga starfi um árabíl.

ÍSLENSKA

Traust kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar og oft hefur verið sagt að lestur sé undirstaða alls náms. Mikilvægt er að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynmast mætti þess.

Nákvæm hljóðgreining og öll hljóð stafrófsins eru lögð inn á átta vikum og í lok skólaárs eru flest 5 ára börn farin að kveða að og skrifa stafi. Meginmarkmið í upphafi lestrarnáms og starfa innlagnar er að börn nái góðum árangri í læsi strax í upphafi. Líttlestrarbækur eru í skólanum, þegar stafainnlögn hefur farið fram fá öll börn líttlestrarbækur til að lesa í heima og í skóla. Foreldrar eru í mjög mikilvægu hlutverki í að styrkja og styðja við lestrarþjálfun barna sinna. Lestur er fjölbreyttur og það að lesa fyrir barn er mikilvægur þáttur í öllu lestrarnámi og það að ræða um efnið.

Nemendur fá markvissa þjálfun í að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Allir nemendur skólans fá tækifæri til að hlusta á upplestur og frásagnir.



5 ára starf á Barnabóli

Samstarf skólastiga og áherslur 5 ára starfs



Fimm ára starfið í leikskólum Hjallastefnunnar nýtist börnunum sem veganesti yfir á grunnskólastig, hvort sem þau hefja nám í Barnaskólum Hjallastefnunnar eða í öðrum grunnskólum. Börnin okkar fara í grunnskólaheimsóknir í Höfðaskóla þar sem þau fá kynningu á starfi 6 ára barna sem og á annarri starfssemi grunnskólans. Að vori gerum við ráð fyrir skilafundi á milli skólastiga þar sem farið er yfir stöðu barnanna og þarfir þeirra í nýju skólaumhverfi.

Kennari 5 ára starfs skipuleggur heimsóknir með móttökukennara Höfðaskóla að hausti og í sameiningu er ákveðið hvernig heimsóknunum verði háttað á komandi skólaári. Báðir kennarar bera ábyrgð á kennslu og skipulagningu heimsóknanna til þess að þær nýtist sem best öllum aðillum.

Farið hefur verið í heimsóknir á vorönn (eftir áramót), einu sinni í viku eða eins og hentar hverju sinni.

Með frekara vinnu tengda læsisstefnu skólana stefnum við á enn meira samstarf á komandi árum og munum vinna að því að stuðla að frekari samfelli á milli skólastiga.

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðurðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun eru í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan hlýlegan, en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi

UM VERKEFNIÐ



Ásthildur Bj. Snorraddóttir talmeinafræðingur var leiðbeinandi og tengiliður verkefnisins.

Ábyrgðarmenn verkefnisins voru Þórdís Hauksdóttir fræðslustýra og Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjórnandi á Ásgarði á Hvammstanga og á Borðeyri.

Markmið verkefnisins var að samræma verkferla og vinnu tengda málörvun ungra barna með áherslu á snemmtæka íhlutun, foreldrasamstarf og samfellu á milli skólastiga.

Leikskólarnir sem tóku þátt:

Ásgarður á Hvammstanga

Barnaból á Skagaströnd

Barnabær á Blönduósi

Lækjarbrekka á Hólmanvík

Vallaból á Húnavöllum

Grunnskólar á svæðinu tóku einnig taka virkan þátt.

Lykillinn að árangri fellst í

Snemmtækri íhlutun í leikskóla

Fleiri skimunum í leikskóla

Góðu samstarfi heimilis og skóla

Markvissri samvinnu á milli skólastiga

Góðu samstarfi við heilsugæslu

6. LOTA: ÁRÆÐNI: Þriðja stig einstaklingsþjálfunar

Áræðniþjálfun Hjallastefnunnar hefur oft verið lýst sem þjálfun í að þora að skapa eigið líf og að á grundvelli þess kjarks verði öll sköpun í víðustu merkingu þess orðs möguleg. Eiginleikarnir kjarkur, kraftur, virkni og frumkvæði eru þannig lykilþættir þess að skapa og endurskapa heima og að heiman á hvaða sviði sem er.

Áræðnin er hápunktur kynjanámskrárinnar og byggir ofan það sem undan er gengið. Með því er tryggt að kjarkur og kraftur verði ekki yfirgangur á annarra kostnað og að virkni og frumkvæði sé beitt af tillitssemi við aðra og með hagsmuni heildarinnar í huga. Í skipulagi Hjallastefnuskóla eru fjölmörg atriði sem tengja beint við áræðni og sköpun. Samvinna barna og kennara, stöðugt val, lýðræðisfundir og skólastarf án neikvæðra valdboða eru meðal lykilþátta til að bæla eða brjóta ekki þann skapandi vilja sem gefur áræðni til að lifa lífinu lifandi. Sama samvinna þar sem börn hafa stöðugt áhrif á umhverfi sitt kemur einnig í veg fyrir að barn þrói með sér mótfroða sem mun ekki gagnast til framtíðar. Skapandi efniviður og skapandi kennsluhættir án of mótandi bóka styður einnig við áræðni og sköpun.



Áherslan á smíðjur í skólastarfinu eru einnig skýr skilaboð þar sem hópatímar eftir hádegi flesta daga í lotum eru helgaðir list- og verkgreinum. Þar veita kennarar skólans og gestakennarar börnum nýja sýn og gefa þeim kost á nýrri og skapandi reynslu. Allt almennt starf er síðan helgað því að ýta við frjókornum skapandi hugsunar með ögrandi, heimspekilegum umræðum og með að brjóta fastmótaða hugarramma um það hvað „má“ og hvað „má ekki“ með að ganga út um glugga í stað hurða, hlaupa berfætt úti og snúa dagskránni á hvolf stöku sinnum.



NOTUM HUGMYNDA- FLUGIÐ



BÖKUM SAMAN



SMÍÐUM SAMAN

SAMSTARFIÐ

Stjórnendur leikskólana hófu formlega vinnu haustið 2015 og undirbjuggu samstarf næstu tveggja ára. Tengiliðateymi var starfsrækt og í því sátu fulltrúar frá hverjum skóla.

Allt starfsfólk leikskólanna sat námskeið hjá Ásthildi sem haldið var í Ásgarði á Hvammstanga haustið 2015 og fékk þar fræðslu um snemmtæka íhlutun og mikilvægi markvissra verkferla til þess að stuðla að nákvæmri kortlagningu á málþróun nemenda frá byrjun skólagöngu.

Stjórnendur skólanna funduðu reglulega ásamt fræðslustýru og tengiliðir skólanna funduðu einnig einu sinni á önn til þess að bera saman bækur sínar og taka stöðuna á þróunarvinnunni innan skólanna.

Stjórnendur grunnskólanna á svæðinu hittu svo leikskólastjórnendur og fræðslustýru á fundi í nóvember 2015 og undirrituð var viljayfirlýsing þess efnis að skólastigin ynnu saman að sameiginlegri læsisstefnu.

Í janúar 2017 var Ásthildur með fræðslu fyrir foreldra leikskólana og kynnti þar verkefnið, markmið þess og áherslur og gaf foreldrum tækifæri til þess að vera virkir þáttakendur í þróunarvinnunni.



SNEMMTÆK ÍHLUTUN

Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar á rætur að rekja aftur til 18.aldar. Fyrir þann tíma var talið að þroskaferli barna væri skrifað í stein og ekkert gæti haft áhrif á það. Nýjar uppgötvanir í taugalíffræði, þróunarsálfræði og uppeldis- og kennslufræðum sýndu fram á mikilvægi fyrstu æviáranna og að allt umhverfið væri stór áhrifavaldur í þroska barna.

Mikilvægt er að bregðast fljótt við lestrarerfiðleikum þar sem vitað er:

- Að skjóttur árangur í lestri getur gefið börnum forskot í námi og verið ávísun á velgengi í öðrum námsgreinum.
- Að sjálfstraust og mat á eigin getu bíður auðveldlega hnekki ef illa gengur og getur haft áhrif á líðan og nám barnanna.
- Að börn geta vanist ófullnægjandi lestraraðferðum/venjum sem er erfitt að leiðrétta seinna.
- Að snemmtæk íhlutun getur komið í veg fyrir lestrarerfiðleika og fjárfreka sérkennslu seinna á skólagöngunni.

Efni af lesvefnum: http://lesvefurinn.hi.is/snemmtaek_ihlutun%20




5. LOTA: VINÁTTA: Þriðja stig félagsþjálfunar

Fyrsta og síðasta krafa Hjallastefnuskóla er að mæta hverju barni skilyrðislaust og tryggja að hlúð sé að velgengi hvers og eins, þessi afstaða er kjölfestan fyrir velferð barna. Hver kennari/hópstjóri og hver skóli ber ábyrgð á að fylgjast með hverju barni í samvinnu við foreldra og auk þess eru kannanir og gæðaeftirlit meðal leiða sem farnar eru til að gera það sem í mannlegu valdi stendur til að tryggja velferð allra.

Velliðan barna leggur grunninn að bæði andlegu og líkamlegu heilbrigði þeirra og þar byggir Hjallastefnan ekki hvað síst á vináttulotunni þar sem hugtökin félagsskapur, umhyggja, nálægð og kærleikur eru nátengd því að hvert barn skynji sig algjörlega öruggt og elskað innan skólans með traustri og skilyrðislausri umönnun alls umhverfisins.

Traustsæfingar eru skipulagðar bæði í lotunni og eins sem hluti daglegar rútínu yfir tiltekið tímabil. Fullorðnir taka á móti börnum með faðmlögum og börnin æfa knúshringi þar til árangri er náð. Stöðug þjálfun í jákvæðri orðanotkun styrkir velliðan hvers barns og þá sérlega æfingar í fallegu orðalagi og viðbrögðum ef eitthvað gengur illa er hluti þessa þáttar.



Enn einn afar mikilvægur þáttur í Hjallastefnustarfi er reglubundnar umræður kennara með hópnun um tilfinningar og líðan með hvert öðru og eins um líðan og verkefni sem verið er að fást við hverju sinni. Þessar umræður leggja grunninn að bæði velferð og heilbrigði. Aðrir þættir Hjallastefnunnar styrkja einnig þennan grunnþátt menntunar. Þar má nefna útikennsluna, daglega hreyfingu þar sem hver kennari fer út með sínum hópi daglega og heimild barna til að fara og fá sér hlaupasprett hvenær sem þau finna fyrir óeirð og hreyfipörf. Matarstaðlar Hjallastefnunnar eru einnig hluti af heilbrigðisstefnu okkar.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ



BORÐUM HOLLAN MAT



GEFUM OG PYGGJUM KNÚS



VERKFERLAR

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Einn grundvallarþátta Hjallastefnunnar er sú einfalda afstaða að skólastefna skuli leggja mesta áherslu á að skipuleggja og stjórna því sem hægt er að hafa áhrif á með formlegum hætti. Því setja Hjallastefnu-kennarar mikla orku og tíma í að ígrunda og skipuleggja notkun á húsnæði og lóð skólans, kjarna umhverfi og búnað og sýna mikla nákvæmni við gerð og framkvæmd dagskrár.

Með þessari skörpu og nákvæmu stýringu á öllum ytri þáttum skapar skólinn þann ramma eða umgjörð sem allt innihaldið mun litast af; þ.e. Samskiptin, leikurinn, námið og kennslan mun aldrei verða betra en ramminn gefur tilefni til, en góður rammi eykur til muna líkurnar á góðu starfi (*Margrét Pála Ólafsdóttir 2012*) Kortlagning málþróunar ásamt verkferlum sér-kennslu og skimana eru þar ekki undanskilin og vinnum við eftir vel kjörnuðum og skýrum ferlum sem gera okkur kleift að halda vel utan um nám allra nemenda okkar og getum því skipulagt þjálfun samkvæmt einstaklingsþörfum hvers og eins.



BERNSKULÆSI



Bernskulæsi er skilgreint sem ákveðin færni, þekking og viðhorf og þróast sem undanfari læsis. Það vísar til lestrarhegðunar barns á leikskólaaldri áður en formleg lestrarkennsla hefst í grunnskóla.

Hugmyndin felst í því að ung börn byggi upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu og ekki síst í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn. Á þessum tíma í lífi barns eru ekki gerðar kröfur um læsinnám, en þar sem námsaðstæður eru á forsendum barnsins, afslappaðar og lausar við gagnrýni opnast heimur læsis smátt og smátt.

Foreldrar barna á leikskólaaldri geta gert ýmislegt til að auka líkurnar á því að lestrarnám þeirra verði farsælt. Rík málleg samskipti á heimilinu og lestur fyrir börn vega þar þýngst.

Foreldrar barna sem verða snemma læs hafa jafnan lesið mikið fyrir þau og gefið sér tíma til að ræða við börnin um efni bókanna. Þeir hafa enn fremur sinnt áhuga barna sinna á bóksöfnum og ritmáli. Á heimilum þeirra er góður aðgangur að bókum og prentmáli og börnin sjá foreldra sína nota ritmálið í margvíslegum tilgangi og njóta þess að lesa.

4. LOTA: JÁKVÆÐNI: Annað stig einstaklingsþjálfunar

Jákvæðniþáttur Hjallastefnunnar snýst bæði um viðhorf okkar gagnvart okkur sjálfum og líka um viðhorf okkar og hegðun gagnvart öðru fólki. Því má segja að þjálfun í jákvæðri afstöðu sé meðal annars lykilli að farsælu lífi þar sem öllum ber sami réttur, og án jákvæðrar lífsafstöðu mun enginn geta þróað þá virðingu sem þarf til að jafnrétti ríki. Jafnréttishugsjónin er einfaldlega eitt mikilvægasta markmið Hjallastefnunnar. Allt frá millimetralýðræði í leikskóla upp í lýðræðisfundi í grunnskóla er ávallt verið að tryggja börnum jákvæðar leiðir að því að njóta fullra réttinda innan skólans og þjálfu þau í að beita rétti sínum.

Hjallastefnan beitir kynjaskiptum hópum til að auka líkurnar á jafnrétti stúlkna og drengja. Þar gilda hin jákvæðu Hjallastefnuviðhorf að gefa báðum kynjum kost á að þroskast og dafna á eigin forsendum án afskipta eða truflunar frá gagnstæðu kyni en um leið að veita þeim sérstaka uppbót á þeim sviðum sem hafa gildið fyrir kynferði viðkomandi. Þar er öll kynjanámskráin uppbótarvinna sem sjálfkrafa vinnur gegn neikvæðum afleiðingum hefðbundinnar kynjamenningar þar sem drengir hafa verið sviknir um heiðarlegt félagsuppeldi og stúlkur verið sviknar um einstaklingsuppeldi.



Auk jákvæðni viðhorfa Hjallastefnunnar eru hugtökin bjartsýni, gleði, ákveðni og hreinskiptni lotuhugtökin. Þau tvö síðarnefndu eru afar mikilvæg fyrir jafnréttisviðhorf og jafnréttisstarf.

Ákveðnin er þjálfuð til að allir geti tjáð sig og leita réttar síns. Hreinskiptuinn er æfð til að geta sagt hug sinn á jákvæðan hátt og án þess að vaða yfir annarra landhelgi á einhvern hátt eins og gerist þegar of lengi er þagað þar til dropinn fyllir mælinn með alvarlegum og neikvæðum afleiðingum.

JAFNRÉTTI



GÖNGUM Í SKÓLAFÖTUM



ALLIR FÁ JAFN STÓRT PLÁSS



JÖFN TÆKIFÆRI TIL NÁMS

FJÖLSKYLDULÆSI



Hugtakið fjölskyldulæsi er notað í víðu samhengi um allar athafnir daglegs lífs sem fram fara á heimilinu eða á vegum fjölskyldunnar og tengjast læsi með einum eða öðrum hætti. Í fjölskyldulæsi felst meðal annars lestur bóka og hvers kyns texta á heimilum en einnig ritun, til dæmis að skrifa minnismiða, að fylgja uppskriftum og leiðbeiningum. Það á auk þess við um sögur sem heimilisfólk segir hvert öðru hvort sem það er í samræðum, með lestri eða ritun. Bókasafnsferðir fjölskyldunnar eru líka dæmi um athafnir sem tilheyra fjölskyldulæsi. Börn alast upp við mismikla læsismenningu á heimilum sínum og það hefur áhrif á læsisvitund þeirra. Foreldrar eru fyrirmyndir og móta þann heimilisbrag sem börn þeirra alast upp við. Lesið ykkur til ánægju sjálf þannig að barnið sjái til, bækur, tímarit, dagblöð og texta á skjámiðlum

- Hafið bækur og annað lestrarefni sýnilegt á heimilinu
- Hafið barnabækur aðgengilegar fyrir barnið
- Farið reglulega með barnið á bókasafn og leyfið því að velja bækur til að taka með heim
- Gefið ykkur tíma til að ræða við börnin ykkar í dagsins önn.
- Hlustið vel á hvað þau hafa til málanna að leggja og hvetjið þau til að segja frá.
- Leikið við barnið og ræðið við það um leikefnið og nefnið það.
- Hafið ritföng aðgengileg fyrir barnið og leyfið barninu að skrifa, líka á tölvuna

HAGNÝT RÁÐ FYRIR FORELDRA OG FORRÁÐAMENN

- Munið að fara með barnið ykkar í 2ja og hálfis árs skoðun hjá Heilsugæslunni og fáðið nákvæmar upplýsingar um hvernig barnið ykkar kemur út úr þroskamatinu Brigance sem lagt er fyrir í skoðuninni.
- Farið með barnið ykkar í heyrnamælingu ef það hefur verið með miklar eyrnabólgur, vökva í eyrum eða ef grunur vaknar um að það heyri illa.
- Ef þið hafið áhyggjur af málþroska barnsins skuluð þið ekki bíða og sjá til, treystið eigin sannfæringu og leitið til fagaðilla, leikskólans eða talmeinafræðings og biðjið um málþroskamat. **Foreldrar þekkja börnin sín best !**
- Það er mikilvægt að huga sérstaklega vel að þeim börnum sem eiga fjöl-skyldusögu um lestrarerfiðleika, athyglisbrest eða málhömlun. Rannsóknir sýna að slík vandamál geta erfst og því fyrr sem börnin finnast því auðveldara er að vinna í anda snemmtækrar íhlutunar.
- Verið meðvituð um það að vera í augnhæð barnsins þegar þið eigið samskipti við það, notið virka hlustun og bíðið eftir viðbrögðum þess. Talið um það sem barnið hefur áhuga á, spyrjið opinna spurninga sem ekki krefjast *já* eða *nei* svara og nýtið allar aðstæður til samskipta t.d. við matarborðið, þegar barnið klæðir sig og þess háttar.
- Nefnið líkamshluta t.d. þegar verið er að baða, klæða eða háttta barnið. Gott er að nefna tölur, liti og bókstafi þegar slíkt á við, t.d. „*Hvað ertu með margar tásur?*“ eða „*Mikið er bláa úlpan þín hlý*“.
- Kennið börnunum ykkar undirstöðuþætti boðskipta, eins og að *hlusta, bíða, gera til skiptis, horfa, veita athygli* og *herma eftir*.

3. LOTA: SAMSKIPTI: Annað stig félagsþjálfunar

Meðal grundvallarþátta Hjallastefnunnar er sú lífstrú að sterkir einstaklingar geti byggt upp sterkt, félagslegt samfélag þar sem allir eiga sama rétt til að rödd þeirra heyrst og að umhverfið bregðist jákvætt við því sem hver og ein/n hefur fram að færa. Öll lykil-hugtökin fjögur eða lotulyklar samskiptanna snúast í reynd um lýðræði og mann-réttindi.

Samstaða er grundvöllur skólastarfsins þar sem kennarinn heldur stöðugt um samskiptin og nýtir markvissar hópeflisæfingar og vináttuæfingar til að styrkja samstöðuna í hópnum og tryggja hið jákvæða samfélag Hjallastefnunnar.

Hinu kynjaskipta skólastarfi er ætlað að styðja bæði stúlkur og drengi á þeirra eigin forsendum og jafnframt að styðja þau frá hamlandi veikleikum í þeim ólíku heimum kynjamennningar sem enn yfir undir gömul kynjahlutverk. Reglubundin kynjablöndun kennir síðan samskipti allt skólaárið.

Lýðræði Hjallastefnunnar og samskiptaréttlæti felst m.a. í valkerfi sem tekur yfirráð af hinum fullorðna og gefur barni og börnum jákvætt vald til að stýra lífi sínu án þess að ganga á rétt annarra.



Stöðug þjálfun í að segja skoðanir sínar – og að hlusta á annarra skoðanir – er bæði samskiptaþjálfun og lýðræðisþjálfun. Æfingar Hjallastefnunnar í tjáningu fyrir framan hópinn eins og ræðumennska frá púlti eða frá miðju hópsins „á sólinni“ æfa líka þá grundvallarþætti sem lýðræðisleg samskipti krefjast.

Öll þessi þjálfun er grundvöllur að lýðræðishugsunum barna og þátttöku þeirra síðar meira í lýðræðislegum samskiptum og í öðrum þáttum í lýðræðissamfélagi.

MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI



HÖFUM ÁHRIF Á MATSEÐIL



HÖLDUM LÝÐRÆÐISFUNDI



VELJUM Á VALFUNDI TVISVAR Á DAG

- Notið **val** markvisst til að fá svörun frá barninu, t.d. „*viltu mjólk eða djús?*“ Með þessu eru þið að hvetja barnið til þess að svara með orðum en ekki bara *já* eða *nei* eða jafnvel bara að kinka kolli.
- Endurtakið það sem barnið segir og lengið setningar til þess að stuðla að bættum orðaforða, t.d. gæti barnið sagt: „*Mömmu bíll*“ þá getið þið sagt „*Já! Bíllinn hennar mömmu er svartur*“.
- Kennið börnum ykkar að umgangast bækur og byrjið snemma að lesa fyrir þau á hverjum degi og endilega aftur og aftur sömu bókina/söguna. Börn læra mikið á endurtekningum og geta þá tekið þátt í lestrinum þegar á líður.
- Verið viss um að velja bækur sem henta aldri og áhuga barnsins. Dæmi um bækur sem henta vel fyrir yngstu kynslóðina eru bækur með mikið af myndum og gefa jafnvel frá sér hljóð. Stoppið reglulega til þess að skoða myndirnar, benda á og nefna það sem fyrir augu ber.
- Þegar barnið segir eitthvað óskýrt eða rangt er mikilvægt að leiðrétta það ekki með aðfinnslum heldur að endurtaka það sem barnið sagði rangt, t.d. ef barnið segir „*dóll*“ þá getið þið svarað: „*Já stóll*“ eða „*Já, pabbi situr á stólnum*“.
- Leggið áherslu á að vera í góðri samvinnu við starfsfólk leikskólans sem barnið þitt er á. Ef barnið sækir sérstaka málörvunartíma skuluð þið kynna ykkur hvað er verið að vinna með og fá ráðleggingar um það hvernig þið getið unnið heima og þannig stutt við þá vinnu sem unnin er á leikskólanum.

Unnið út frá björgum (10.4) með bókinni *Snenmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*.

Foreldrasamstarf

Viðburðir og samskipti



Reglubundið gæðamat þarf að fara fram allt skólaárið til að auka líkur á að raunverulega sé unnið að því háleita marki að tryggja góða líðan, velferð og velgengni hvers barns sem skólanum er treyst fyrir. Á sama hátt verða Hjallastefnuskólar að leggja mikla áherslu á samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimilis og skóla; ef skólinn nýtur ekki trausts foreldra, munu kennarar aldrei ná að skapa óskorðuð tengsl við barnið og þar af leiðandi fær barnið ekki það gæðastarf í skólanum sem það á skilið.

Kennarar fylgjast nákvæmlega með stöðu og framgangi hvers barns, skrá athuganir sínar á hverri önn á gátlista og kynna foreldrum niðurstöður sínar auk þess sem formlegt námsmat fer fram á ákveðnum sviðum. Fregnir af starfi og vinnu að markmiðum er kynnt foreldrum með reglubundnum hætti bæði á heimsíðu skólans og facebook hóp foreldra.

Öflugt foreldra- og fjölskyldusamstarf er fyrir hendi í Hjallastefnuskólum með foreldraviðtölum, fjölskyldumorgnum svo og vinnuframlagi foreldra og fjölskyldna við skólann eftir nánara samkomulagi.


Á hverju ári fer fram viðhorfakönnun meðal foreldra til að fá álit þeirra til skólans og til að leita eftir tillögum til úrbóta. Að auki hafa foreldrar greiðan aðgang að því að leggja fram athugasemdir og tillögur til skólans hvenær sem er.

2. LOTA: SJÁLFSTÆÐI: Fyrsta stig einstaklingsþjálfunar

Hugsjónir um sjálfbærni eru nátengdar skilningi Hjallastefnufólks á sjálfstæði og sjálfstæðisþjálfun í annarri lotu kynjanámskrárinnar. Þannig má segja að sjálfstæði hvers og eins sé forsenda fyrir þeirri sjálfstæðu hugsun og sjálfstrú sem þarf til að vinna að sjálfbærni í viðustu merkingu þess orðs. Sjálfstraustið byggir upp sjálfstæðið.

Hverju barni er mætt á þess eigin forsendum, leitað er að styrkleikum hvers og eins og unnið samkvæmt þeirri lífsskoðun að allt vaxi og dafni sem fær athygli og stuðning. Starfshættir, sem leyfa öllum að hvíla í styrkleikunum sínum, munu sjálfkrafa draga úr veikleikum og áfram byggja upp sjálfstrúna sem er forsenda sjálfbærni í lífsviðhorfum; „ég skipti máli“ og ég get axlað ábyrgð.

Meðal annarra starfsþátta Hjallastefnunnar í sjálfstæðisþjálfun er að þjálfa börn og ungmenntu til að skapa eigin lausnir eða leika og nema með opnum efnivið sem hefur ávallt ótal möguleika og ótal útkomur, allt eftir áhuga og aðstæðum hvers og eins. Þar með nýta Hjallastefnuskólar hvorki hefðbundin leikföng og hefðbundið efni barnamennningar (bækur, myndir o.s.frv.).



Markmiðið er að leggja ekki fyrirframgefnar hugmyndir og mótaðar fyrirmyndir í hendur barna þar sem aðrir, oftast fullorðnir, hafa ákvarðað hvernig ákveðin fyrirbæri skuli eiga sér stað og hvernig nám barna skuli þróast með stöðluðum leiðum. Þessi skapandi sjálfstæðisþáttur Hjallastefnunnar gerir einstaklingum kleift að tileinka sér sjálfbæran hugsunarhátt og öryggi á gagnvart eigin lausnum. Loks er virðing fyrir umhverfi og náttúru innbyggð í hugmyndafræði Hjallastefnunnar þar sem hófsemi og nægjusemi er ástunduð og efniviður margnýttur og endurnýttur eftir föngum.



FÓÐRUM HÆNUR OG FÁUM EGG Í STADIN



GEFUM NOTUÐ SKÓLAFÖT



RÆKTUM EIGIN KARTÖFLUR

Karellen

Skráningarkerfi, máforrit og heimasíða

Barnaból notar leikskólakerfið Karellen við allar skráningar daglegs starfs, t.d. hvenær börnin mæta í leikskólann og hvenær þau fara. Foreldrar geta skráð börnin sín veik eða í frí í gegn um smáforrit tengt kerfinu og einnig geta foreldrar og kennarar sent skilaboð sín á milli á einfaldan hátt.

Foreldrar geta einnig skoðað matseðil, skóladagatal og ljósmyndir af barninu sínu í gegn um smáforritið.

Heimasíða skólans heldur utan um allar upplýsingar tengda starfinu auk þess að vera fréttaveita.

www.barnabol.hjalli.is



Föstudagspóstur

Tölvupóstur hvern föstudag

Á hverjum föstudegi sendir skólastýra tölvupóst til allra foreldra og segir frá hópastarfi liðinnar viku og tilkynnir viðburði næstu viku ef einhverjir eru.

Nánari hópatímaskráningu geta foreldrar séð á kjarnatöflum hvorns kjarna þar sem vinna í hópatímum er skráð á hverjum degi fyrir hvern hóp.

SAMVINNA OG VIÐBURÐIR

Foreldraráð: *Að hausti og vori*

Foreldraráð samanstendur af foreldrum beggja kjarna, skólastjórnanda og kennara. Ráðið hittist og ræðir breytingar sem varða skólastarfið s.s. breytingar á dagatali, viðburðum eða öðru slíku. Einnig eru niðurstöður innra mats kynntar ráðinu.

Foreldrafélag: *Aðalfundur einu sinni á ári*

Foreldrafélag er starfrækt við skólann og kemur það að hinum ýmsu viðburðum.

Foreldrakönnun: *Á miðjum vetri*

Hjallastefnan sendir út foreldrakönnun einu sinni á ári til allra foreldra skóla Hjallastefnunnar og eru hún liður í ytra mati skólanna. Niðurstöður eru svo nýttar til þess að bæta samstarf heimilis og skóla og starfið í heild.

Foreldrasamtöl: *Á haustönn og vorönn*

Kennari barnsins skráir athuganir sínar á hverri önn á gátlista og kynnir foreldrum niðurstöðurnar.

Ef málum er þannig háttað að skila þarf niðurstöðum skimana til foreldra og tilvísanir þarf að senda til sérfræðinga þá kallar kennari foreldra á fund utan almenns foreldrasamtals tíma ef þarf.

Fjölskylduframlag: *Hvenær sem er*

Einnig nefnt foreldraframlag og er það tilboð leikskólans um að fá fulltrúa barnsins í raunveruleikatengd verkefni eins og garðtiltekt, skemmtun á söngfundi eða hjálp með viðgerðir. Markmiðið er að tengja fjölskylduna við leikskólann á jákvæðan hátt um verkefni sem skipta máli í raun og veru og auka tilfinningu fyrir eignarhaldi fjölskyldunnar.

1. LOTA: AGALOTA: Fyrsta stig félagsþjálfunar

Agakennsla Hjallastefnunnar byggir m.a. á að skapa skýran og einfaldan ramma í bæði umhverfinu og í framkomu og eftirfylgd kennara þar sem börn læra að „lesa“ skólann. Þar má nefna allar merkingar innan sem utan skólaveggja sem gefa sýnileg og nánast áþreifanleg skilaboð um það sem á að gerast og hvernig allt á að vera.

Á sama hátt og börnin „lesa“ umhverfið, eiga þau að getað „lesið“ kennara og annað starfsfólk skólans þar sem í agakennslu Hjallastefnunnar er lögð gríðarleg áhersla á samkvæmni og skýr fyrirmæli kennara til barna í öllum tilvikum þannig að börn viti ávallt nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim í hinum ólíku skólaaðstæðum.

Þessi skýru skilaboð ásamt r-reglum Hjallastefnunnar, röð, reglu og rútínu, eru forsenda þess að börnum takist vel til og nái að þjálfa hina jákvæðu hegðun í reglu í stað þjálfunar í óreglu þar sem óljóst umhverfi og augnablikshirðuleysi grefur undan skilningi barna á skólastarfinu. Þar með verður agaþjálfunin að grundvelli táknlæsis þar sem bæði sýnilegu tákni og framkoma starfsfólks eru læsileg og skiljanleg vegna samkvæmninnar í röð, reglu og rútínu.



Þessi agaþjálfun og agaði skilningur á skólaumhverfinu er nákvæmlega hinn sami og sá skilningur sem þarf til læsisþjálfunar í allra víðustu merkingu þess orðs samkvæmt aðalnámskrá og er einmitt fyrsti þáttur í grunnþáttunum sex í aðalnámskrá.

Nákvæm vinna kennara í agaþjálfun Hjallastefnunnar styður þannig ómetanlega við annað læsi hvort sem um lestrarþjálfun að ræða eða stafrænt læsi, táknlæsi, læsi á listir, læsi í samskiptum og þannig má lengi telja.



LESUM SAMAN



ÆFUM OKKKUR AÐ SKRIFA



SYNGJUM SAMAN

Kynningafundur: Í ágúst í Bjarmanesi

Í byrjun nýs skólaárs er foreldrum og fjölskyldum boðið á kynningafund í Bjarmanesi þar sem kaffi og meðlæti er í boði. Þar fá foreldrar nýrra barna tækifæri til að spyrja stjórnendur spjörunum úr og einnig að taka þátt í umræðu um málefni skólans. Fundurinn markar upphaf nýs skólaárs á hverju hausti.

Piparkökubakstur: Í byrjun aðventu

Fjölskyldur og starfsfólk koma saman í leikskólanum á laugardegi í lok nóvember og baka og skreyta piparkökur. Þessi áralanga hefð Barnabóls er dýrmæt og mun hún lifa áfram um ókomin ár.

Prettándagleði: Á prettándanum

Börnin bjóða foreldrum í leikskólann og eigum við yndislega stund saman á svæðinu fyrir framan skólann. Bál er kveikt og boðið upp á kakó, kaffi og piparkökur. Börnin syngja svo nokkur lög.

Opið hús: Dagur leikskólans

Í tilefni Dags leikskólans er opið hús fyrir hádegi á Barnabóli og hvetjum við foreldra, fjölskyldur og alla áhugasama að koma og kíkja á starfið. Fulltrúum sveitarstjórnar er boðið formlega sem og foreldrum.

Fjölskyldukaffi

Að vori

Fjölskyldur er boðið í morgunkaffi á leikskólann og bjóða börnin upp á hressingu. Róleg og yndisleg stund.



KYNJANÁMSKRÁ OG LOTUKERFI



Ásamt því að vinna eftir Aðalnámskrá leikskóla vinna allir Hjallastefnuskólar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Kynjanámskráin er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna, sem og annarra hópa, og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum. Hjá Hjallastefnunni er gengið út frá þeirri kennisetningu að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi hugmynda um kynhlutverk og vegna kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kyns. Kynjanámskráin tryggir að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita börnum tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum án takmarkanna sem kynjakerfið setur.

Skólaárinu er skipt upp í sex lotur sem tengjast grunnþáttum menntunar og þjálfa bæði einstaklingsfærni og félagsfærni til jafns.

Lotunar sex: Agi - Sjálfstæði - Samskipti - Jákvæðni - Vinátta - Áræðni

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

Grunnþættir menntunar

1. Læsi
2. Sjálfbærni
3. Mannréttindi og lýðræði
4. Jafnrétti
5. Heilbrigði og velferð
6. Söpun

2.grein laga um leikskóla

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:

- a. fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- b. veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- c. hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkanlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- d. tuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- e. leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- f. rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta